



# Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfssnesi í Reykjavík.



Sindri Ellertsson Csillag  
Desember 2008

Forsíðumyndin sýnir rúst (nr. 155:1) við Glóru á Álfssnesi. Ljósmynd: SEC.

# FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Sindri Ellertsson Csillag  
Unnið fyrir Mannvit verkfræðistofu  
Desember 2008  
Rannsóknarvinna í maí 2008

## ***Inngangur***


Að beiðni Mannvits, verkfræðistofu, kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugað athafnasvæði í Álfnesi í Reykjavík, sbr. mynd 1, með tilliti til fornleifa. Niðurstöður þessarar athugunar verða aðallega notaðar við skipulagsmál vegna fyrirhugaðra framkvæmda á athugunarsvæðinu. Skráningin nú var gerð í framhaldi af skráningu sem gerð hafði verið vegna breytinga á skipulagi við urðunarsvæðið árið 2003.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fornleifa leitað. Ekki voru könnuð svæði utan áhrifasvæðisins sem hugsanlega verða fyrir raski vegna efnisgeymslu, vinnubúða eða annars, enda engar upplýsingar til um slíkt.

Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem sýslu- og sóknarlýsingar, örnefnaskrár, *Jardabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, manntöl, Friðlýsingarskrá og fyrirliggjandi fornleifaskrár.

Vettvangsvinna fór fram dagana 23, 26 og 28 maí 2008. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar (t.d. nr. 155:1-11 o.s.frv.). Hvert sveitarfélag hefur sitt eigið númerakerfi í gagnasafni Fornleifafræðistofunnar frá 1 – n.

Fulltrúi verkkaupa var Jóhanna Björk Weisshappel, líffræðingur, hjá Mannviti verkfræðistofu.



Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu svæðisins sem kannað var (fjólublá lína). Rauðir punktar sýna fornleifar. Gular líner sýnir garða. Kort: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Mannvit verkfræðistofa & SEC.

### Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar eldri en 100 ára

friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað fāra, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar fornleifarnar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ákvæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærr fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa (*Pjóðminjalög* 2001).

### ***Hið kannadá svæði***

Á svæðinu fundust 11 staðir með 28 fornleifum. Þ.á.m. 11 fornleifar við eyðibýlið Glóru, einnig kallað Urðarkot. Af þessum ellefu stöðum teljast tveir hafa hátt minjagildi, en það eru minjar eyðibýlisins Glóru (nr. 155:1-11) og Bæjarhóll Álfness (nr. 163:1-3) sem mögulega liggur undir núverandi bæjarhúsum á Álfnesi. Þrír staðir teljast hafa talsvert minjagildi og sex lítið minjagildi. Einstakar fornleifar geta haft lítið eða talsvert minjagildi þó staðurinn sjálfur hafi hátt gildi.

Í ágætu ástandi voru tveir staðir. Í sémilegu ástandi sex og tveir voru í lélegu ástandi. Einstakar fornleifar geta verið í lélegu eða sémilegu ástandi þó staðurinn sjálfur sé talinn í ágætu ástandi.

Í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda voru alls fimm fornleifar. Í talsverðri hættu sex fornleifar og í lítilli hættu 17 fornleifar. Sjá nánar í töflu 1.

Allar minjarnar sem skráðar voru eru taldar vera frá tímabilinu 1500-1900 nema fjórar. Þær eru rúst nr. 150:1, rúst nr. 151:1, hleðslur nr. 158:1 og varða nr. 161:1 sem allar eru taldar vera yngri en 1900.

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra fornleifa sem taldar eru í hættu þurfa mótvægisæðgerðir að koma til. Fjallað verður um mögulegar mótvægisæðgerðir síðar. Þessar athugasemdir eiga við allar framkvæmdir, urðunina sjálfa sem og umferð véla, frárennsli og annara nauðsynlegra þátta við framkvæmdina.

Nr.	Tegund	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst?	Mótvægisæðgerð
<i>Álfnes, Gullbringusýslu</i>									
<b>150:1</b>	Rúst	1	Sorpurðun	Talsverð	Sæmilegt	1900-	Lítið	Nei	Rannsókn.
<b>151:1</b>	Rúst	1	Sorpurðun	Mikil	Ágætt	1900-	Talsvert	Nei	Snið, nákv. teikn.
<b>155:1-11</b>	Eyðibýli	13	Sorpurðun	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Rannsókn.
155:1	Bæjarrhús	1	Sorpurðun	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Rannsókn.
155:2	Fjárhús	1	Sorpurðun	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn.
155:3	Túngarður	1	Sorpurðun	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Snið, nákv. teikn.
155:4	Rúst	1	Sorpurðun	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn.
155:5	Rúst	1	Sorpurðun	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn.
155:6	Rúst	1	Sorpurðun	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn.
155:7	Matjurtargarður	1	Sorpurðun	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Prufuhola.
155:8	Rúst	1	Sorpurðun	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn.
155:9	Brunnur	1	Sorpurðun	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Rannsókn.
155:10	Rúst	1	Sorpurðun	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn.
155:11	Rúst	1	Sorpurðun	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn.
<b>156:1</b>	Skiparétt	1	Sorpurðun	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Snið, nákv. teikning

<b>157:1-5</b>	Fiskibyrgi	5	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Prufuh, nákv. teikn.
157:1	Fiskibyrgi	1	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Prufuh, nákv. teikn.
157:2	Fiskibyrgi	1	Sorpurðun	Lítil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Prufuh, nákv. teikn.
157:3	Fiksibyrgi	1	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Prufuh, nákv. teikn.
157:4	Fiskibyrgi	1	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Prufuh, nákv. teikn.
157:5	Fiskibyrgi	1	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Prufuh, nákv. teikn.
<b>158:1</b>	Hleðslur	1	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1900-	Lítið	Nei	Prufuh, nákv. teikn.
<b>159:1-2</b>	Varða og garður	2	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nákv. GPS, ljósm.
159:1	Landamerkjavarða	1	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nákv. GPS, ljósm.
159:2	Landamerkjagarður	1	Sorpurðun	Lítil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Snið, nákv. tekning
<b>160:1</b>	Varða	1	Sorpurðun	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nákv. GPS, ljósm.
<b>161:1</b>	Varða	1	Sorpurðun	Lítil	Ágætt	1900-	Lítið	Nei	Nákv. GPS, ljósm.
<b>162:1</b>	Varða	1	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nákv. GPS, ljósm.
<b>163:1-3</b>	Býli	3	Sorpurðun	Lítil	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Rannsókn.
163:1	Garður	1	Sorpurðun	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei	Snið, nákv. teikning.
163:2	Beitarhús	1	Sorpurðun	Lítil	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Rannsókn.
163:3	Álfhóll	1	Sorpurðun	Lítil	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Prufuhola.
<b>11 staðir</b>		<b>28 fornleifar</b>							

Tafla 1. Helstu niðurstöður fornleifaskráningarinnar á Álfnesi. Nánari upplýsingar í fornleifaskrá.


### *Helstu fornleifarnar*

Merkilegustu fornleifarnar sem fundust á áhrifasvæðum hinnar fyrirhuguðu stækkunnar á sorpurðunarsvæðinu í Álfnesi eru að mati undirritaðs þessar:

#### *Glóra / Urðarkot*

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 segir að hjáleigan Glóra eða Urðarkot sé byggt frá Álfnesi (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. bls. 333-334). Í manntalinu sem gert var árið 1703 kemur þó einungis fyrir nafnið Urðarkot (*Manntal á Íslandi árið 1703* bls. 33). Líttill vafi er þó á að bæði nöfnin eigi við einn og sama staðinn. Hugsanlega hefur annað nafnið verið hið opinbera nafn en hitt notað af heimafólki líkt og mímörg dæmi eru til um. Þó býlið komi fyrst fram í heimildum árið 1703 er ekki hægt að útloka að það sé eitthvað eldra. Úr þessu fæst þó ekki úr skorið nema með frekari rannsóknum. Glóra er talin vera farin í eyði laust fyrir aldamótin 1900 (*Landnám Ingólfss.* 2. Bindi. bls. 101).

Eyðibýlið er á fallegum stað norður undir Glóruholti í aflíðandi, grasi grónni og grýttri brekku. Á staðnum eru alls 11 fornleifar eins og áður hefur komið fram og þar af eru tvær fornleifar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og fjórar í talsverðri hættu. Eyðibýlið telst hafa hátt minjagildi en þær fornleifar sem eru í hættu hafa talsvert minjagildi.



Mynd 2. Yfirlit yfir staðsetningu hinna skráðu fornleifa og túngarðs á bæjarstæði Glóru. Teikning: SEC.

### Háheiði

Í Jarðabók Árna Magnússon og Páls Vídalíns frá 1713 segir frá eyðibýlinu Háheiði. Rústir þessa býlis hafa ekki fundist, þrátt fyrir talsverða leit, en gætu þó legið innan urðunarsvæðisins (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* bls. 335). Sumir telja að Háheiði sé að finna undir rúst nr. 151:1 en verður það að teljast harla ólíklegt. Líklegra er að rústir býlisins liggi í holtinu SV-undir háheiðinni (sjá mynd 1). Þar sem umræddar fornleifar hafa ekki fundist eru þær enn óskráðar en þær munu að öllum líkindum hafa hátt minjagildi.

### Skiparétt

Fyrir ofan sjávarkambinn við Álfnesvíkina er að finna skiparétt sem kölluð hefur verið Stekkjarrétt eða Naustið. Réttin er hlaðin úr fallegum láborðum steinum (Örnefnaskrá. Álfnes. Athugasemdir I; Örnefnaskrá. Álfnes. Athugasemdir II). Fyrirhugaðar frárennslislagnir út í Álfnesvíkina munu hugasnlega raska skiparéttinni og er hún því í mikilli hættu. Skiparéttin telst hafa talsvert minjagildi.

### Áhrif framkvæmda á fornleifar og mótvægisadgerðir

Verði af framkvæmdum er ljóst að mótvægisadgerða er þörf. Mótvægisadgerðirnar eru allt frá einföldum prufuholum að flóknari rannsóknum. Allt fer það eftir því hvort hægt verði að tryggja öryggi einstakra fornleifa eða ekki og/eða hvort framkvæmdasvæðum verði breytt með tilliti til fornleifa.

Sumar fornleifar, eins og t.d. vörður, verða ekki rannsakaðar með eiginlegri fornleifarannsókn. Þær má hins vegar ljósmýnda frekar og fera inn á loftmyndir telji Fornleifavernd ríkisins það nauðsynlegt. Að

mati undirritaðs er nóg að færa slíkar minjar inn á nákvæma loftmynd. Í öðrum tilvikum, þegar um rústir er að ræða, verða umfangsmeiri rannsóknir að koma til.

Tillaga að mótvægisaðgerðum vegna þeirra fornleifa sem eru í mikilli hættu vegna framkvæmdanna er sem hér segir:

Verði af framkvæmdum verður nauðsynlegt að teikna upp rúst nr. 151:1 nákvæmlega og grafa snið í gegnum útveggi hennar til að unnt sé að ganga úr skugga um að ekki leynist eldri minjar þar undir.

Rústir nr. 155:10 og 155:11 verður einnig að teikna upp nákvæmlega og grafa snið í gegnum útveggi til þess að ganga úr skugga um að ekki leynist eldri minjar þar undir.

Skiparéttina nr. 156:1 þarf að teikn upp nákvæmlega og grafa snið í gegnum vegg til þess að tryggja að ekki leynist eldri minjar undir henni.

Verði af framkvæmdum þarf einnig grafa snið í gegnum túngarðinn nr. 155:3 á einum eða fleiri stöðum til að ákvarða aldur hans. Sé ekki hægt að tryggja öryggi annarra minja við Glóru þarf að rannsaka þær.

Í 14. grein þjóðminjalaga segir: „Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggað geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum framkvæmdum.“ (Þjóðminjalög 2001).

Skv. 12. grein þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. grein að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt og unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. grein laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngrípir) finnast í jörðu. Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

### *Niðurstaða*

Alls fundust 11 staðir með 28 fornleifum á hinu kannaða svæði á Álfnesi í Reykjavík.

Af fornleifunum 28 eru fimm taldar í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Þær fornleifar teljast allar hafa talsvert minjagildi. Ef að framkvæmdum kemur verður óhjákvæmilegt að raska

fornleifunum, en slíkt verður ekki gert nema með leyfi viðeigandi aðila og ekki án mótvægisaðgerða en nefndar hafa verið hugsanlegar mótvægisaðgerðir. Þær tillögur ná þó aðeins til þeirra fornleifa sem taldar voru í mikilli hættu. Ef ekki reynist unnt að tryggja öryggi þeirra fornleifa sem teljast í talsverðri eða lítilli hættu þurfa að koma til frekari mótvægisaðgerðir.

Allt rask á fornleifum (einnig rannsóknir) varðar við þjóðminjalög og þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til slíks. Fornleifaverndin setur einnig þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum (mælt með a.m.k. 20 m fjarlægð) og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

### ***Heimildir:***

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna hugsanlegra breytinga á skipulagi við urðunarstaðinn í Álfnesi, Reykjavík.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2003.

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifaneftnd – Þjóðminjasafn Íslands. Águst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Kristján Eldjárn. Leiruvogur og Þerneyjarsund. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1980.* Reykjavík 1981. bls. 25-35.

*Landnám Ingólfss.* *Safn til sögu þess.* 1. bindi. Reykjavík 1935.

*Landnám Ingólfss.* *Safn til sögu þess.* 2. bindi. Ýmsar ritgerðir. Reykjavík 1936.

*Landnám Ingólfss.* *Safn til sögu þess.* 3. bindi. Sýslu- og sóknarlýsingar. Reykjavík 1937

*Manntal á Íslandi árið 1703.* Reykjavík 1924-1947.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Gullbringu- og Kjósarsýsla. 3. Bindi. Kaupmannahöfn 1943.

*Þjóðminjalög nr. 107, 20. maí 2001.* Þingskjal 1490, 126.

### ***Óbirtar heimildir.***

Álfnes. Örnefnaskrá. Ari Gíslason skráði. Handrit. Örnefnastofnun.

Álfnes. Örnefnaskrá. Athugasemdir I. Handrit. Örnefnastofnun.

Álfnes. Örnefnaskrá. Athugasemdir II. Handrit. Örnefnastofnun.

# Fornleifaskrá

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**150**

Sýsla Gullbringusýsla	Sveitarfélag Reykjavík	Táktala 0000	Hverfi
Landareign Álfsnes	Nr	Heiti	Undirnr. 1

Skrásetjari Bjarni F. Einarsson	Dags. 11/9 2003	GPS Staðsetning E 366106 N 412540	Viðmiðun Isn 93	M.y.s. 20	Skekka 3
------------------------------------	--------------------	--------------------------------------	--------------------	--------------	-------------

Tegund minja Rúst	Tilgáta/Niðurstaða Álf 08	Verk	Fjöldi 1				
Hættumat Sorpurðun	Hætta Lítill	Ástand Sæmilegt	Aldur 1900-	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja? Nei
Minjagildi Lítíð	Einkunn [empty]	Varðveislugildi [empty]	Einkunn 2 [empty]	Friðþýsa? Nei	Friðlýst? Nei	Hvenær [empty]	

Lega og staðhættir  
Ca. 10 m suður af vegi að Álfsnesi. Í aflíðandi brekku í haga.

Heimildir og munnmæli

## Lýsing


### Rúst.

9 x 12 m (NV - SA).  
Veggir úr grjóti og jarðvegi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,1 - 0,5 m háir. SV - hlið vantar alveg. Garðlög sjást víða að innan- og utanverðu. Gólf er grafið niður í brekkuna. Rústin er illa hlaðin.

Veggirnir eru hlaðnir upp úr grjóti utanvert og fyllt upp með jarðvegi á milli. Víða er grjótið mjög stórt. Rústin er vel gróin.

Ofan við rústina að norðaustanverðu, nánastast áfast henni, liggur gömul gata, eða leifar af götu. Er hún ca. 3 m breið og má grilla í upphleðslu á götunni við NV - horn rústarinnar.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari **Bjarni F. Einarsson**

Filma nr./teg. myndar **Stafræn. Olympus C-2040zoom**

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að taka í hana prufuholu til að ganga úr skugga um að engar eldri minjar leynist undir. Leita þarf leyfis Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

151

Sýsla Gullbringusýsla	Sveitarfélag Reykjavík	Táktala 0000	Hverfi	
Landareign Álfsnes	Nr	Heiti		Undirnr. 1

Skrásetjari Bjarni F. Einarsson	Dags. 11/9 2003	GPS Staðsetning E 366453 N 412626	Viðmiðun Isn 93	M.y.s. 30	Skekka 3
------------------------------------	--------------------	--------------------------------------	--------------------	--------------	-------------

Tegund minja Rúst	Tilgáta/Niðurstaða Fjárhús	Verk Álf 08	Fjöldi 1						
Hættumat Sorpurðun	Hætta Mikil	Ástand Ágætt	Aldur 1900-	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. haetta	Merkja? Nei		
Minjagildi Talsvert	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa? Nei	Friðlýst? Nei	Hvenær

Lega og staðhættir  
Ca. 35 m suður af vegi að Álfsnesi. Í haga.

Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Rúst.

11 x 15,5 m (ANA - VSV).

Veggir úr grjóti (og torfi), 1,0 - 2,0 m breiðir og 0,3 - 1,3 m háir.


Þrjú hólf eru á rústinni (hólf A - C). Dyr eru á þeim öllum. Á hólf A eru dyr út til VSV og inn í hólf B til ANA. Á hólf B eru aðrar dyr út til NNV. Á hólf C eru dyr í sömu átt og á hólf B. Þar vantar NNV hlíðina og trúlega hefur þak aldrei verið yfir því hólfi.

Garðlög eru í öllum hólfum að innanverðu. Kampar og kampsteinar áberandi og kröftugir.

Rústin er vel gróin.

Undir henni gætu leynst eldri minjar.

## Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-2040zoom

## Athugasemdir

Ganga þarf úr skugga um hvort eldri minjar finnist undir henni, en til þess þarf að grafa prufuskurð þvert á vegg rústarinnar. Leita þarf álits Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbringusýsla
Landareign	Álfsnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.  
**1-11**

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	26.05.2008	E 366166 N 412043	Isn 93	11	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða					Verk	Fjöldi
Eyðibýli						Álf 08	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. haetta	Merkja?
Landeyðing	Lítil	Ágætt	1550-1900		Sorpurðun	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				
Hátt	7	Hátt	7				

## Lega og staðhættir

Býlið hefur náð frá Glóruholti í suðri að tjörninni við Álfsnes í norðri. Frá Nesvík í vestri og u.þ.b. að þar sem nú liggur vegurinn að Víðisnesi í austri.

## Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 3. Bindi. Kaupmannahöfn 1943.

Manntal á Íslandi árið 1703. Reykjavík 1924-1947.

Landnám Ingólfss. Safn til sögu þess. 2. Bindi. Ýmsar ritgerðir. Reykjavík 1936.

Landnám Ingólfss. Safn til sögu þess. 3. Bindi. Sýslu og sóknarlýsingar. Reykjavík 1937.

Örnefnaskrá. Álfsnes. Ari Gíslason skráði. Handrit.

## Lýsing

### Eyðibýli.

Hjáleiga frá Álfsnesi.


Rústirnar á svæðinu eru allar í ágætu ásigkomulagi nema einna helst rúst 155:13 sem er nokkuð löskuð vegna uppblásturs. Aldur rústanna er á bilinu 1700 -1900 en þó er ekki víst að þær séu allar jafn gamlar. Nokkuð rask hefur orðið á svæðinu A-verðu en enn sem komið er hefur aðeins áðurnefnd rúst 155:13 orðið fyrir barðinu á því.

Býlið er ýmist kallað Urðarkot eða Glóra. Í

Jarðabókinni koma bæði nöfnin fyrir en í manntalinu árið 1703 kemur aðeins fyrir nafnið Urðarkot. Í Sýslu- og sóknarlýsingu sem gerð var árið 1855 segir: „Glóra 5hndr. Suður frá Álfsnesi við sömu vík [þ.e. Álfsnesvík.] Var áður hjá leiga þaðan“ (Landnám Ingólfss. 3. Bindi. bls. 232).

Í lýsingu sóknarinnar frá árinu 1937 segir aftur á móti: „Álfsnesi fylgir nú býlið Glóra, er byggt var fram undir síðastliðin aldamót [þ.e. 1900]“ (Landnám Ingólfss. 2. Bindi. bls. 101). Því má gera ráð fyrir því að Glóra hafi farið í eyði nokkru fyrir árið 1900.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að rannsaka þær frekar. Leita þarf álits Fornleifarverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbringusýsla
Landareign	Álfsnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.	1
----------	---

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	23.05.2008	E 366155 N 412046	Isn 93	13	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst	Bæjarhús	Álf 08	1
Hættumat	Hætta	Tímab. hættumat	Merkja?
Ekbert	Engin	Sorpurðun	Nei
Ástand	Ágætt	Tímab. haetta	
1550-1900		Talsverð	
Í eyði			
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Friðlýsa?
Hátt	7	Hátt	Nei
		Einkunn 2	Friðlýst?
		7	Nei
			Hvenær

## Lega og staðhaettir

í túni Glóru. Í dálítilli aflíðandi, grasi grónni og þýfðri brekku um 350 m SSA við bæjarhús í Álfsnesi og um 280 m VSV við urðunarsvæði Sorpu.

## Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Álfsnes. Ari Gíslason skráði. Handrit. Örnfnastofnun.

Örnefnaskrá. Álfsnes. Athugasemdir. Handrit. Örnfnastofnun.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 3. Bindi. Kaupmannahöfn 1943.

Manntal á Íslandi árið 1703. Reykjavík 1924-1947.

## Lýsing

### Rúst/Bæjarhús.

7x24 m (NNV-SSA).


Veggir úr grjóti og torfi; 0.5-1.6 m á breidd og 1-2 m á hæð. 5 Hólf eru á rústinni (hólf A-E). Dyr eru á þeim öllum. Á hólfum A-D eru dyr út til VSV og á hólfí E eru dyr út til NNV. Garðlög sjást í öllum hólfum bæði að innan og utan. Rústin er öll mjög vel gróinn grasi og á köflum mosa.

Tvö gerði eru áfost rústinni.

Það fyrra, ANA við rústinaþ, 9x12 m (NNV-SSA) Veggir úr grjóti og jarðvegi; 1-2 m á breidd og 1-1.2 m á hæð. ANA-hlið bæjarhúsanna 155:1 myndar VSV-hlið gerðisins. Hlið er á gerðinu á NNV-megin. Veggir vel grónir grasi og á kafla eru þeir grónir mosa. Hugasanlegt er að kró sé innan gerðisins.

Það seinna, VSV við rústina; 13x24 m (NNV-SSA). Veggir úr grjóti og jarðvegi; 1.5-2 m á breidd og 04 -1.4 m á hæð. Garðlög sjást ekki en steinar sjást þó á stangli. Áfast VSV-hlið hólfs A í 155:1. Hlið er á gerðinu á NNV-hlið. Gerðið er vel gróið grasi.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að rannsaka þær frekar. Leita þarf álits Fornleifarverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbringusýsla
Landareign	Álfsnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.	2
----------	---

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	23.05.2008	E 366085 N 411980	Isn 93	13	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi	
Rúst	Fjárhús	Álf 08	1	
Hættumat	Hætta	Tímab. hættumat	Merkja?	
Ekkert	Engin	Sorpurðun	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Tímab. haetta		
Talsvert	6	Lítil		
Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Nei	Nei	

## Lega og staðhættir

Um 300 m ASA við Urðunarsvæði Sorpu og um 200 m SSA við Nesvík. Í túni Glóru í vel þýföri og grasi grónni aflíðandi brekku.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing


### Rúst.

9x12 m (NV-SA).

Veggir úr grjóti (og torfi); 1-2 m á breidd og 0.3-1.4 m háir.

Þrjú hólf eru á rústinni (hólf A-C). Dyr eru á hólfum A og B út í NV. Á hólfum C hafa þó e.t.v. verið gluggar inn í hólf A og B til NV. Garðar (fóðurgarðar) eru í hólfum A og B. Garðlög sjást á köflum að innan- og utanverðu  
Rústin er vel gróin grasi og mosa.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústatinnar þarf að rannsaka hana frekar. Grafa þyrfti skurð til að kanna umfang og eðli rústarinnar en einnig til að ganga úr skugga um hvort eldri minjar finnist undir henni. Leita þarf álits Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbringusýsla
Landareign	Álfsnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.	3
----------	---

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	23.05.2008	E 365887 N 412049	Isn 93	5	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður	Túngarður	Álf 08	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900		Sorpurðun	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				
Talsvert	5	Talsvert	5				

## Lega og staðhættir

Liggur í kringum tún Glóru frá lítilli vík milli Þerneyjarsunds og Nesvíkur í SA upp fyrir fjárhús 155:3 og beygir þar í NA. Hverfur svo á kafla en er sýnilegur aftur við rúst 155:8 heldur þar áfram í NA í um 20 m og beygir svo í NV aftur niður að sjó.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Túngarður.

Hlaðinn úr grjóti; 0.3-1 m á breidd og 0.1-1 m á hæð. Garðurinn er að hluta til byggður utan í stórar klapir. Garðög sýnileg á köflum en garðurinn er mjög víða mjög sokkinn og gróinn.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann frekar. Grafa þyrfti skurði, einn eða two, til að kanna umfang og eðli hans. Leita þarf álits Fornleifarverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbringusýsla
Landareign	Álfsnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.	4
----------	---

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	23.5.2008	E 365997 N 412049	Isn 93	9	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða					Verk	Fjöldi
Rúst						Álf 08	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekbert	Engin	Sæmilegt	1550-1900		Sorpurðun	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				
Talsvert	6	Talsvert	6				

## Légu og staðhættir

Á dálitlum hól í aflíðandi grasi grónni og þýfðri brekku innan túngarðs Glóru. Um 300 m S af íbúðarhúsum í Álfsnesi og um 60 m NA af fjárhúsum 155:3.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Rúst.

7x8 m (NNA-SSV).


Veggir úr grjóti og jarðvegi; 1-1.2 m breiðir og 0.2 -0,5 m háir.

Þrjú hólf eru á rústinni (hólf A-C). Dyr eru á þeim öllum út til VNV.

Garðlög sjást ekki en steinar sjást á stangli hér og þar.

Rústin er mjög vel gróinn grasi og mosa.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústatinnar þarf að rannsaka hana frekar. Grafa þyrfti skurð til að kanna umfang og eðli rústarinnar en einnig til að ganga úr skugga um hvort eldri minjar finnist undir henni. Leita þarf álits Fornleifarverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbrindusýsla
Landareign	Álfssnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.	5
----------	---

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	23.05.2008	E 366118 N 412084	Isn 93	9	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða					Verk	Fjöldi
Rúst						Álf 08	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekbert	Engin	Ágætt	1550-1900		Sorpurðun	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				
Talsvert	6	Talsvert	6				

## Lega og staðhættir

Í aflíðandi, grasi grónni og þýfðri brekku í túni Glóru um 300 SSA við bæjarhús í Álfness og um 300 m VSV við urðunarsvæði Sorpu.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Rúst.

5x7 m (NNV-SSA).


Veggir úr grjóti (og torfi); 0.2-2m á breidd og 0.2-0.8 m á hæð.

Tvö hólf eru á rústinni (hólf A-B). Dyr eru á báðum hólfum út til VSV. Hólf B er þó mun veigaminna og aðeins gert úr grjóthleðslum. Sennilega hefur ekki verið þak á því hólfi.

Garðlög sjást á köflum að innanverðu og víða sjást steinar á stangli.

Í báðum hólfum eru leifar af bárujárn. Rústin er nokkuð vel gróin mosa og grasi, sérstaklega hólf A.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústatinnar þarf að rannsaka hana frekar. Grafa þyrfti skurð til að kanna umfang og eðli rústarinnar en einnig til að ganga úr skugga um hvort eldri minjar finnist undir henni. Leita þarf álits Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbringusýsla
Landareign	Álfsnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.	6
----------	---

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	23.05.2008	E 366137 N 411993	Isn 93	11	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst		Álf 08	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekbert	Engin	Ágætt	1550-1900		Sorpurðun	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				
Talsvert	6	Talsvert	6				

## Lega og staðhættir

Í túni Glóru. Í grasi grónni, þýfðri og aflíðandi brekku um 370 m SSA bæjarhúsa í Álfsnesi og um 300 m SV við urðunarsvæði Sorpu.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Rúst.


4x8 m (NNV-SSA).

Veggir úr grjóti og jarðvegi; 1.5-2 m á hæð og 0.4-1 m á hæð.

Dyr eru á rústinni út í ANA. Garðög sjást ekki en steinar sjást þó víða. NNV-hliðin hefur runnið til NNV.

Rústin er vel gróinn grasi og á köflum gróin mosa.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústatinna þarf að rannsaka hana frekar. Grafa þyrfti skurð til að kanna umfang og eðli rústarinnar en einnig til að ganga úr skugga um hvort eldri minjar finnist undir henni. Leita þarf álits Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbringusýsla
Landareign	Álfssnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.	7
----------	---

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	26.05.2008	E 366036 N 412150	Isn 93	3	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða					Verk	Fjöldi
Gerði	Matjurtagarður					Álf 08	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Sorpurðun	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				
Lítið	4	Lítið	4				

## Lega og staðhættir

Í túni Glóru. Í vel grónni aflíðandi brekku um 300 m S af íbúðarhúsum í Álfnesi og um 300 VSV við urðunarsvæði Sorpu.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Gerði/Matjurtagarður.


9x21 m (NV-SA).

Veggir úr grjóti og jarðvegi; 0.4-1 m og 0.2-0.8 m á hæð.

Tvö hólf eru á garðinum (hólf A-B). Hólf A er þó mun greinilegra en á hólf B þar sem SA-hliðina vantar alveg og NV-hliðin er mjög óskýr.

Garðlög sjást ekki en steinar sjást á víða köflum.  
Gerðið er vel gróið grasi.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústatinnar þarf að rannsaka hana frekar. Grafa þyrfti skurð til að kanna umfang og eðli rústarinnar en einnig til að ganga úr skugga um hvort eldri minjar finnist undir henni. Leita þarf álits Fornleifarverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

**155**

Sýsla	Gullbringusýsla
Landareign	Álfssnes

Sveitarfélag	Reykjavík
Nr	

Tákntala	0000
Heiti	Glóra / Urðarkot

Undirnr.	8
----------	---

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sindri Ellertsson Csillag	26.05.2008	E 366163 N 411994	Isn 93	11	3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða					Verk	Fjöldi
Rúst						Álf 08	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekbert	Engin	Ágætt	1550-1900		Sorpurðun	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				
Talsvert	6	Talsvert	6				

## Lega og staðhættir

Í túni Glóru. Liggur í aflíðandi, grasi grónni og þýfðri brekku um 320 m S við íbúðarhús í Álfssnesi og um 280 m SSV við urðurnarsvæði Sorpu.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Rúst.


4x6 m (VSV-ANA).

Veggir úr grjóti (og torfi); 0.8-1.1 m á breidd og 1 m á hæð.

